

Skýrsla GDLH fyrir starfsárið 2016

Upphaf starfsárs og úthlutun ábyrgðastarfa

Stjórn félagsins var kosin á aðalfundi í lok október 2015. Sigurður Straumfjörð Pálsson hætti sem formaður og Erlendur Árnason gaf ekki kost á sér áfram.

Stjórn GDLH 2015-2016

Magnús Sigurjónsson, formaður

Davíð Jónsson, varaformaður

Gísli Guðjónsson, ritari

Pétur Vopni Sigurðsson, gjaldkeri

Ingibergur Árnason, meðstjórnandi

Helga Claessen og Stefán Ágústsson voru kosin varamenn

Frá upphafi starfsárs lá fyrir að starfsemi félagsins yrði með svipuðum hætti og árið áður: að stjórn og fræðslunefnd skildu starfa náíð saman og áhersla yrði lögð á að halda áfram að efla fræðslustarfið og styrkja tengslanet félagsins á erlendri grundu.

Fyrsti formlegi fundur stjórnar var haldin nokkrum dögum eftir aðalfund og var þar skipað í fræðslunefnd. Sindri Sigurðsson, formaður. Aðrir: Marjolijn Tiepen, Valdimar Ólafsson, Sigurður Straumfjörð Pálsson og Logi Þór Laxdal.

Fundir stjórnar og fræðslunefndar

Á starfsárinu voru haldnir 8 formlegir fundir stjórnar og fræðslunefndar, ásamt fjölmörgum vinnufundum og undirbúningi fyrir fræðslustarf. Fundir fara iðulega fram í húsakynnum LH í Laugardal, en símafundir tíðkast einnig þegar við á.

Fræðslustarf félagsins

GDLH hélt fjögur námskeið á árinu; tvö námskeið á Íslandi og tvö námskeið erlendis.

Námskeið innanlands



Líkt og fyrri ár að þá er stærsti viðburður í fræðslustarfi félagsins upprifjunarnámskeið GDLH á höfuðborgarsvæðinu sem að þessu sinni fór fram í Víðistaðaskóla, í mars. Líkt og árið áður var lagt upp með gagnvirka fræðslu og umræðu. Félagsmönnum var skipt upp í vinnuhópa þar sem tekin voru fyrir mismunandi áhersluatriði og viðfangsefni.

Stuttu síðar var haldið sambærilegt upprifjunarnámskeið á Blönduósi.

Ný- og landsdómarapróf var haldið fyrir á þessu ári. 4 náðu nýdómaraprófi en 5 náðu landsdómaraprófi.

Nýdómarar: Súsanna K. Guðmundsdóttir, Ólöf Guðmundsdóttir, Birgir Leó Ólafsson og Hekla K. Kristinsdóttir.

Nýir landsdómarar: Gísli Guðjónsson, Jón Þ. Steindórsson, Jóhann G. Jóhannesson, Súsanna Ólafsdóttir og Stefán Ágústsson

Námskeið erlendis

Tvö upprifjunarnámskeið voru haldin erlendis á árinu bæði í Danmörku og Svíþjóð.

Úthlutun dómara innanlands

Stjórn stóð að úthlutun gæðingadómara á öll gæðingamót á Íslandi á vordögum. Aðeins virkir gæðingadómarar geta tekið þátt í dómsstörfum á ári hverju.

Sambærileg framkvæmd var á úthlutun milli ára. Stjórn GDLH útlistaði drögum að úthlutun sumarsins og sendi á alla félagsmenn. Félagsmenn höfðu þá svigrúm til þess að rýna í dagskránnu og biðja um breytingar ef þess væri þörf.

Þrátt fyrir að dómarar hafi gott svigrúm til að aðlaga úthlutun að eigin dagskrá er ljóst að róteringar á skipan dómara rétt fyrir gæðingamót er ennþá í hærrí kantinum. Einnig er ljóst að síaukið álag fyrstu helgarnar í júní er ekki að hjálpa til. Vert er að skoða þann möguleika að ræða við félögin um að dreifa álaginu á fleiri helgar.

Landsmót á Hólum í Hjaltadal

Mánaðarmótin júní/júlí var Landsmót hestamanna haldið á Hólum. 14 dómarar voru valdir til þess að dæma mótið, þar af einn yfirdómari og einn eftirlitsdómari.

Hópurinn var samrýndur og mikill metnaður og gott andrúmsloft einkenndi hópinn. Dómstörf gegnu vel en auk hefðbundinna dómastarfa voru haldnir fundir oft á dag til þess að fara yfir hluti, stilla saman strengi og gera gott starf enn betra.



Aftari röð: Sævar Leifsson, Erlendur Árnason, Pétur V. Sigurðsson, Logi Laxdal, Ólafur Árnason, Valur Valsson og Gísli Guðjónsson

Fremri röð: Jón P. Steindórsson, Darri Gunnarsson, Sigurður S. Pálsson eftirlitsdómari, Magnús Sigurjónsson yfirdómari, Súsanna Ólafsdóttir, Valdimar M. Ólafsson og Marjolijn Tiepen

Úthlutun dómara erlendis

Félagið auglýsti þau dómstörf sem barst til þess. M.a. NM og fleiri mót.

C-flokkurinn

Tillaga liggur fyrir þinginu sem nú er haldið í Stykkishólmi varðandi C-flokkinn og viljum við hvetja þingfulltrúa að samþykkja hana.